



FRÆÐSLUMIDSTÖÐ
ATVINNULÍFSINS

Tillögur um þróun raunfærnimats

Reykjavík 4. apríl 2007

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Raunfærnimat	4
Ástæður raunfærnimats	5
Forsendur raunfærnimatskerfis	6
1. Fullorðnir þurfa að eiga rétt á raunfærnimati	6
2. Niðurstöður raunfærnimats séu gildar á milli fræðsluaðila og innan hvers stofnunar	11
3. Réttur fullorðinna til náms á framhaldsskólastigi sé tryggður	11
4. Gæði raunfærnimatskerfis séu tryggð	12
5. Tillögur	13

Tillögur til menntamálaráðuneytisins um þróun raunfærnimats á Íslandi.

Inngangur

Tilgangur þessarar skýrslu er að gera grein fyrir stöðu mála hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins í verkefni því sem varðar raunfærnimat einstaklinga til styttingar náms á framhaldsskólastigi og leggja fram tillögur um hvernig hægt sé að ýta málum áfram með það að markmiði að koma upp kerfi til raunfærnimats á Íslandi.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins fékk það hlutverk í samningi ASÍ og SA við menntamálaráðuneytið árið 2003 að aðstoða ráðuneytið við að þróa aðferðir og tæki við mat á námi og raunfærni á Íslandi. Umræða um raunfærnimat var þá nýhafin á Íslandi, en mörg Evrópulönd, þar á meðal Norðurlöndin voru komin vel á veg með þróun raunfærnimats (sjá grein í Gátt 2004).

Í nýjum þjónustusamningi milli samstarfsaðilanna frá því í janúar 2006 er verkefnið skilgreint nánar í 2. grein b): „FA tekur að sér að þróa aðferðir við mat á óformlegu námi og námsárangri í samvinnu við menntamálaráðuneytið, atvinnulífið og fræðsluaðila ásamt því að þróa aðferðir við mat á raunfærni einstaklinga. FA skal vinna með menntamálaráðuneytinu að stefnumótun, uppbyggingu kerfis og prófun á því bæði fyrir fólk á vinnumarkaði með litla grunnmenntun svo og faglærða starfsmenn á vinnumarkaði. Unnið skal að öllum þáttum raunfærnimats; til styttingar á námi, bættrar stöðu á vinnumarkaði, svo og almennrar færniuppbyggingar. Einnig skal FA þróa aðferðir við uppbyggingu námsferilsskrár (nemendabókhalds) í samstarfi við fræðsluaðila og menntamálaráðuneytið þar sem tekið verði mið af mati á óformlegu námi og raunfærni.”

Hlutverk FA er því víðtækt, en ekki stendur til að taka á málefnum í heild sinni í þessari skýrslu, heldur eingöngu þeim þætti, sem snýr að því forgangsverkefni að meta raunfærni til styttingar á námi á framhaldsskólastigi.

Í upphafi árs 2004 hóf FA upplýsingasöfnun og leitaði m.a. til Noregs, en Norðmenn eru taldir einna fremstir í flokki Evrópuþjóða í þróun þessa málaflokks. Starfsfólk FA hefur sótt margar ráðstefnur erlendis um mat á óformlegu námi og raunfærni. Ekki hvað síst hefur skipt máli að taka þátt í tilraunaverkefnum innanlands í samstarfi við ýmsa aðila. Þau verkefni sem FA hefur haft aðkomu að eru orðin 5 og fleiri eru í bígerð. Þessi vinna er undirstaða þeirra tillagna sem hér eru lagðar fram til menntamálaráðuneytisins um framgang þessara mála á næstu árum.

Evrópskur hæfniramma, EQF – European Qualification Framework

Frá því að Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hóf vinnu við þróun raunfærnimats hafa komið fram nýjar tillögur á vettvangi Evrópusamstarfs. Þær tillögur sem einkum hafa áhrif á raunfærnimat eru tillögur um að koma upp sameiginlegu evrópsku kerfi um samanburð á hæfni milli landa eða evrópskum hæfniramma (EQF). Þetta kerfi sem þróað hefur verið á vegum stjórnarskrifstofu ESB um menntamál flokkar markmið náms eftir þrepum (lóðrétt flokkun) og eftir færni-, þekkingar- og hæfnimarkmiðum (lárétt flokkun). Tilgangur kerfisins er að gera menntun innan Evrópu gagnsæri og gera samanburð á menntun auðveldari innan Evrópusambandsins. Til þess að auðvelda samanburð þurfa öll markmið náms að vera árangursmiðuð, jafnframt minnkar vægi á samanburði náms eftir lengd eða því hvaða stofnanir útskrifa nemendur.

Þessi grundvöllur er sérstaklega hagstæður fyrir raunfærnimat, sem einmitt er ætlað það hlutverk að meta færni óháð því hvar eða hvernig hennar hefur verið aflað. Ef innleiðingu EQF verður hér á landi er því mikilvægt að tengja þróun raunfærnimats við þá þróunarvinnu sem framundan er við að byggja upp íslenskan hæfniramma (NQF) byggðan á grunni þess evrópska. En slíkur rammi yrði undirstaða viðmiða í raunfærnimati um leið og hann yrði sú undirstaða sem allar námsskrár byggja á.

Raunfærnimat

Mat á raunfærni byggir á þeirri hugmynd að nám fari ekki eingöngu fram innan formlega skólakerfisins heldur í alls konar aðstæðum og samhengi og að allt nám sé verðmætt og mikilvægt og að það sé skjalfest óháð því hvar þess hefur verið aflað. Mat á raunfærni fjallar því mikið til um að breyta raunfærni í formlega færni þ.e. að einstaklingar fái „pappír“ upp á það sem þeir í raun og veru kunna. Þannig er mögulegt að skjalfesta færni, sem hefur þróast á formlausan hátt og utan skólakerfisins rétt eins og færni sem er þróuð í formlegu námi.

Á undanförunum árum hefur hugtakinu vaxið fylgi í evrópsku samhengi. Sem dæmi um þessa þróun má nefna Kaupmannahafnaryfirlýsinguna, 2002 og sameiginlegar evrópskar viðmiðunarreglur um mat á óformlegu og formlausu námi. (<http://www.eaea.org/news.php?k=3224&aid=3224>).

Í Kaupmannahafnaryfirlýsingunni, sem undirrituð var af 31 menntamálaráðherra Evrópuríkja, fulltrúum aðila atvinnulífsins og Evrópuráðsins er lögð áhersla á að gefa sérstaklega gaum að því námi sem fer fram utan hinna formlegu menntastofnana. Einnig er lögð áhersla á mikilvægt hlutverk aðila atvinnulífsins í þróun, mati og viðurkenningu á starfsfærni og hæfni á öllum stigum.

Á vegum Evrópuráðsins hefur verið unnið að sameiginlegum evrópskum viðmiðunarreglum um mat á óformlegu og formlausu námi. Markmiðið er að styðja við þróunarferlið, þannig að það verði meira samræmi og samanburðarhæfni í matsaðferðum í Evrópu. Sjónum er einkum beint að eftirfarandi: Mati á námi sem á sér stað innan formlegrar menntunar, mati á námi, sem á sér stað í tengslum við vinnumarkaðinn og mati á námi sem á sér stað í tengslum við ýmis sjálfsboðaliða- og félagsleg störf. Þessar reglur hafa verið að öðlast sess sem mikilvæg gæðaviðmið í mati á raunfærni.

Ástæður raunfærnimats

Ástæður þess að raunfærnimati hefur vaxið fiskur um hrygg á síðastliðnum árum eru margþættar. Þar má greina samfélagslegar ástæður s.s. mikilvægi mannauðsins í samfélaginu, möguleikann á auknum hagvexti með hækkun þekkingarstigsins, möguleika á auknu jafnrétti og jafnari möguleikum til þátttöku í þekkingarsamfélaginu.

„Rannsóknir hafa sýnt fram á að það er neikvætt samband milli hagvaxtar og ójafnaðar í menntun. Einnig hefur verið sýnt fram á að aukin útgjöld til menntunar og fjölgun þeirra sem fara í framhaldsnám hefur jákvæð áhrif á hagvöxt. Svo virðist sem menntun auki ekki hagvöxt einungis vegna meiri og betri mannauðs heldur einnig með því að draga úr ójöfnuði svo fremi sem aðgengi að menntun er tiltölulega jafnt (Þorvaldur Gylfason og Gylfi Zoëga, 2003)“ (Skýrsla um menntareikninga).

Einnig ber að geta þess fjárhagslega ávinnings fyrir þjóðarbúskapinn að senda ekki einstaklinga í dýrt nám til þess eins að læra/staðfesta það sem þeir kunna þegar.

Í skýrslunni „Þörf atvinnulífsins fyrir þekkingu“ sem skrifuð var 1996 kemur fram það sjónarmið að þeir sem nýti tíma sinn til símenntunar þurfi að eiga þess kost að fá þekkingu sína metna af óháðum aðilum. Í könnun Gallup fyrir Samtök iðnaðarins 2004 kemur fram að 66,8 % svarenda eru hlynntir því að starfsfólk geti fengið vottað nám á vinnustöðum, sem gefi starfsréttindi, meðan 15,1% eru andvígir því og 18,1% taka ekki afstöðu.

Ávinningur fyrirtækja af mati á raunfærni er m.a. að fá yfirlit yfir færni starfsmanna sinna, til að geta þjálfað þá markvisst, jafnframt verða starfsmennimír virkari í færniuppbyggingu sinni. Það hefur sýnt sig að fyrirtæki hagnast bæði til lengri og skemmri tíma á fjárfestingum í mannauðnum, árangurinn er aukin framleiðni, aukin samkeppnishæfni, meiri möguleikar á nýsköpun, auknir möguleikar á nýjungum í framleiðslu og þjónustu og meiri gæði í starfsemi.

Raunfærnimat skiptir þó mestu máli fyrir einstaklingana sjálfa. Með mati á raunfærni gefast fullorðnu fólki á vinnumarkaði betri möguleikar á að sækja sér menntun og þjálfun til að auka færni sína. Helsti ávinningur einstaklinganna er að styrkja sig í námi og starfi, fá aðgang að formlegu námi og stytta námstímann, öðlast framgang, hreyfingarmöguleika eða ný tækifæri á vinnumarkaði ásamt því að geta mætt auknum kröfum um atvinnufærni, verið virkir varðandi eigið nám og haft aukna vitund um færni sína.

Mat á óformlegu námi og starfsreynslu hefur þannig víðtækt gildi m.a. bæði efnahagslegt og félagslegt. Markmiðið er að forðast það að fólk sé að endurtaka nám og að stytta þar með námsferilinn. Fullorðnir hefja nám þar sem þeir eru staddir í þekkingu og færni, en ekki þar sem formlegu námi lauk.

Þróun mats á raunfærni á Íslandi hlýtur að taka mið af aðstæðum okkar. Hér á landi er mjög stór hluti vinnuafslsins með skamma skólagöngu að baki, meðan þátttaka í símenntun er með því mesta sem gerist. Þróun aðferða við að meta raunfærni einstaklinga á mótí námsskrám framhaldsskólanna er því forgangsverkefni. Í því starfi eins og raunar öllu raunfærnimati til styttingar á framhaldsskóla er mikilvægt að gott samstarf takist við framhaldsskólana og menntamálaráðuneytið.

Forsendur raunfærnimatskerfis

Við þróun kerfis þarf að hafa þá grundvallarreglu til viðmiðunar að viðurkenning á færni sé að eigin ósk einstaklings og gerð honum til framdráttar. Kerfið þarf að vera auðvelt í notkun, gagnsætt og í samræmi við þau kerfi sem eru í mótun í Evrópu. Í sameiginlegum evrópskum viðmiðunarreglum um mat á óformlegu námi og annarri reynslu er lögð mikil áhersla á rétt einstaklingsins til eignarhalds á eigin raunfærnimati, trúnaðar og möguleika til áfrýjunar á matinu. Traust milli aðila og trúnaður eru nauðsynlegar forsendur til að hægt sé að koma á raunfærnimati. Einstaklingar verða að geta tekið upplýstar ákvarðanir sem byggja á vel skilgreindum stöðlum, skýrum upplýsingum um matið og ályktanir, sem af því verða dregnar, skýrum upplýsingum um tilgang matsins og hvernig niðurstöður verða notaðar, skýrum og aðgengilegum upplýsingum um skilmála fyrir mati t.d. tíma og kostnað ásamt ráðgjöf sem veitt er í matsferlinu, einnig verða gæði matsins að vera tryggð. Óhlutdrægni er lykilorð varðandi raunfærnimat og tengist hlutverkum og ábyrgð matsmanna í ferlinu. Mikilvægt er að forðast blöndun hlutverka þar sem það mun hafa neikvæð áhrif á trúnað og traust á niðurstöðum raunfærnimatsins. Eitt af verkfærunum sem notuð eru við raunfærnimat eru gátlistar og þarf að vanda vel gerð þeirra og framkvæmd matsins.

Í uppbyggingu kerfis til raunfærnimats er mikilvægt að auðvelda mat á verkferlum og árangri með úttekt. Einnig þarf að gæta þess að möguleiki á hagsmunaaðrekstrum sé í lágmarki og virða ávallt rétt einstaklingsins. Einstaklingurinn er í brennidepli og því þarf að gæta þess að farið sé eftir settum skilyrðum svo ferlið sé áreiðanlegt, sanngjarnt og hlutlaust. Tryggja þarf að eftirtöldum skilyrðum sé fullnægt til að raunfærnimatskerfi nái tilgangi sínum:

- 1) Réttur fullorðinna til raunfærnimats sé tryggður.
- 2) Niðurstöður raunfærnimats séu gildar á milli fræðsluaðila á sama stigi og innan hvers stofnunar.
- 3) Réttur fullorðinna til náms á framhaldsskólastigi sé tryggður.

1. Fullorðnir þurfa að eiga rétt á raunfærnimati

Mikilvægt er að skilgreina rétt fullorðinna til raunfærnimats, einkum þess stóra hóps fólks á vinnumarkaði, sem ekki hefur lokið námi í framhaldsskóla. Norðmenn hafa til dæmis farið þá leið að skilgreina þennan rétt sérstaklega fyrir fólk á ákveðnum aldri og með litla formlega menntun. Mikilvægast er að ná fyrst til þess hóps sem hefur víðtæka reynslu til að byggja raunfærnimatið á.

Til lengri tíma litið er nauðsynlegt að einstaklingar, sem óska eftir raunfærnimati, geti valið um tvær leiðir. Nauðsynlegt er að báðar leiðirnar séu byggðar á sama kerfi og séu af sömu gæðum (sjá meðfylgjandi flæðirit). Önnur leiðin er í gegnum framhaldsskólakerfið, en þar hefur laga- og reglugerðarrámminn þegar möguleika á að setja raunfærnimat af stað. Hin leiðin er í gegnum fullorðinsfræðsluaðila, sem eiga að mörgu leyti betri möguleika á að ná til þess hóps, sem um er að ræða. Sú leið á lengra í land hvað varðar

ytri umgjörð, lög og reglugerðir. Lagt er til að unnin verði samtímis að þróun þessara tveggja leiða:

1. Framhaldsskólaleið

Það liggur beint við að framhaldsskólinn hafi möguleika á að raunfærnimeta fullorðið fólk, sem hyggst hefja nám á framhaldsskólastigi. Í aðalnámskrá framhaldsskóla, almennum hluta, kemur fram að:

„Skólameistarar framhaldsskóla bera ábyrgð á að meta fyrra nám nemenda, hvort sem um formlegt eða óformlegt nám er að ræða. Með óformlegu námi er vísað til þekkingar eða færni sem aflað hefur verið á annan hátt en með formlegri skólagöngu, svo sem á námskeiðum hjá fræðsluaðilum er starfa á eigin vegum, eða með reynslu sem aflað er við störf á vinnumarkaði. Við matið skal ekki leita eftir því að fyrra nám sé nákvæmlega það sama og skilgreint er í námskrá heldur skal leggja áherslu á að athuga hvort ekki sé hægt að meta námið sem jafngilt og hvort nemandinn hafi forsendur til að ljúka náminu. Nemandinn á þess kost að fá metna starfsreynslu sem hann hefur aflað sér fyrir upphaf starfsnáms. Matið getur leitt til þess að hann verði undanþeginn námi í einstökum verklegum áföngum og/eða að hann fær stytting á þeim hluta námsins sem fer fram í verklegri þjálfun á vinnustað. Leiki vafi á hvernig rétt sé að meta nám er eðlilegt að láta nemandann njóta vafans eða vísa honum í stöðupróf. Tilgangur stöðuprófa er að gera viðkomandi kleift að sanna þekkingu sína í tiltekinni grein eða á tilteknu sviði. Með þessum hætti geta nemendur fengið viðurkennda þekkingu og reynslu sem þeir búa yfir og ekki hefur verið aflað með hefðbundnum hætti í skóla og stytt þannig tíma sinn til lokaprófs”.

Aðalnámskrá framhaldsskóla, almennur hluti, 2004

Samkvæmt ofangreindri tilvitnun er augljóst að það er hlutverk framhaldsskólanna að raunfærnimeta einstaklinga sem óska eftir því. Í framhaldsskólum hefur farið fram mat á námi og þekkingu einstaklinga til styttingar á námi, en ljóst er að mismikið er lagt í slíkt ferli innan skólanna og eru skólarnir misvel í stakk búnir til að sinna raunfærnimati. Raunfærnimat þarf að fylgja ákveðnum gæðaviðmiðum og eiga sér sess innan kerfisins.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur unnið að nokkrum tilraunaverkefnum í raunfærnimati í samstarfi við framhaldsskólakerfið og fleiri aðila. Framhaldsskólinn hefur ýmsa kosti til að bera. Það er hentugur vettvangur þar sem margir þeir þættir sem tilheyra raunfærnimatsferlinu eru til staðar, s.s. fagaðilar, náms- og starfsráðgjafar, aðstæður (tæki og tól) til að staðfesta færni og formlegt vottunarkerfi. Það er hagkvæmt að þróa raunfærnimat nánar á þessum vettvangi, sérstaklega í ljósi þess að kerfi er fyrir hendi þar sem mat og nám getur farið fram á sama stað. Þessi leið krefst jafnframt minnstu lagabreytinganna hvað varðar réttindi einstaklinga og formlega vottun.

Reynsla af tilraunaverkefnum sýnir þó að ýmislegt þarf að bæta til þess að gæði raunfærnimats verði sem ákjósanlegust. Í gegnum samtöl við framhaldsskóla hefur komið fram að lítið svigrúm er innan þeirra til að sinna verkefni sem þessu eins og kerfið er

uppbyggt. Kennarar hafa þurft að sinna raunfærnimati til viðbótar við að sinna ríflega fullri kennslu. Þróun gátlista í raunfærnimati þarf að vera samræmd vinna og sambærileg á milli skólanna. Þar sem að mat og kennsla fer fram á sama stað er hætta á hagsmunaárekstrum. Hættan felst í því að skólar þurfa á ákveðnum fjölda nemenda að halda í áfanga. Mat á raunfærni einstaklinga má ekki taka mið af slíkum hagsmunum.

Þátttakendur í tilraunaverkefnum hafa einnig bent á að þeir eigi oft á tíðum erfitt með að fóta sig í framhaldsskólanum að loknu raunfærnimati m.a. vegna þess að þeir séu fyrst og fremst miðaðir við unglunga og skipulag skólans taki því lítið tillit til þarfa fullorðinna hvað varðar móttökur, stuðning, kennsluhætti og mat. Samkvæmt ábendingum þátttakenda þurfa fullorðnir nemendur annars konar þjónustu en yngri nemendur. Því er nauðsynlegt að samhliða því að aðgengi fullorðinna inn í framhaldsskóla sé bætt, þarf að huga að því hvernig bæta megi þjónustu framhaldsskóla þannig að þeir komi betur til móts við þarfir fullorðinna.

- a) Þeir framhaldsskólar sem innleiða raunfærnimatsferli inn í starfsemi sína þurfa að sjá til þess að raunfærnimatið sé hluti af framkvæmdaráætlun starfseminnar og að því sé gefið vægi innan hennar. Ábyrgð og umsjón raunfærnimatsferlisins þarf að vera í höndum ákveðinna aðila innan starfseminnar.
- b) Fjármagna þarf raunfærnimat innan framhaldsskólanna. Þar sem raunfærnimat er umfangsmeira og dýrara en það mat sem hefur verið stundað innan framhaldsskólanna er nauðsynlegt að tryggja skólunum svigrúm og fjármagn til að framkvæma raunfærnimat. Endurskoða þarf því reiknilíkan framhaldsskóla með tillit til greiðslna fyrir raunfærnimat.
- c) Mikilvægt er að víðtækt samráð sé við aðila atvinnulífsins og starfsgreinaráð við þróun raunfærnimats í verkmenntun og starfsgreinum.
- d) Mikilvægt er að raunfærnimat sé framkvæmt eftir gæðaviðmiðum, sem þróuð verða og byggja á sameiginlegum evrópskum leiðbeiningum um mat á raunfærni.

Það sem mun vega mest á endanum er þó hvernig skólarnir taka á móti hinum fullorðna námsmanni og koma til móts við þarfir fullorðinna í námsskipulagi, kennsluháttum og mati.

2. Fullorðinsfræðsluleið

Á vinnumarkaði eru einstaklingar sem margir hverjir hafa í gegnum áralanga reynslu byggt upp umtalsverða færni í ákveðnu fagi, en ekki lokið námi í greininni. Sumir þeirra hafa flosnað upp úr námi m.a. vegna þess að kennsluhættir og skipulag skólakerfisins hentaði þeim ekki. Í þessum hópi eru einstaklingar sem kjósa heldur óformlega fræðsluaðila.

Fullorðinsfræðsluaðilar eru margir hverjir í nánum tengslum við atvinnulífið, s.s. símenntunarmiðstöðvar, sem eru tengdar fyrirtækjum, stéttarfélögum og sveitarfélögum á svæðum sínum, fræðslumiðstöðvar iðngreina, sem eru í nánum tengslum við

atvinnurekenda- og launþegasamtök í viðkomandi grein. Þessir aðilar eiga oft auðveldara með að nálgast fólk á vinnumarkaði heldur en framhaldsskólar eða aðrar stofnanir.


Nú hafa símenntunar- og fræðslumiðstöðvar möguleika á að bjóða upp á vottaðar námsleiðir, sem metnar eru til eininga á framhaldsskólastigi. Þessar námsleiðir eru fjármagnaðar af opinberu fé. Þær eru hannaðar sérstaklega til að ná til hópa fullorðinna, sem ekki hafa lokið framhaldsskólanámi. Hópar fullorðins fólks eru því við nám í símenntunar- og fræðslumiðstöðvum og auðvelt að ná til þeirra með kynningu á möguleikum raunfærnimats.

Símenntunar- og fræðslumiðstöðvar hafa einnig fengið fjárveitingu til náms- og starfsráðgjafar fyrir fullorðið fólk á vinnumarkaði. En náms- og starfsráðgjöf er mikilvægur liður í raunfærnimatsferlinu.

Það er því æskilegt að fullorðinsfræðsluaðilar, s.s. fræðslumiðstöðvar iðngreina og símenntunarmiðstöðvar, geti boðið upp á raunfærnimat fyrir þennan hóp, mögulega í samstarfi við skólana. Þetta opnar möguleika fullorðinna til að velja milli formlegra og óformlegra fræðsluaðila þegar kemur að raunfærnimati.

Nám í kjölfar raunfærnimats færi fram í framhaldsskólunum eða hjá fullorðinsfræðsluaðilum. Með slíku skipulagi væri hlutleysi í raunfærnimati aukið, þar sem raunfærnimat og nám færi ekki alfarið fram á sama stað og aukið hlutleysi væri til staðar gagnvart námsskrá framhaldsskólans.

- a) Vegna návígis við vinnumarkaðinn og sérhæfingu í fullorðinsfræðslu er lagt til að þróuð verði fullorðinsfræðsluleið sem felur í sér að fullorðinsfræðsluaðilar taki í framtíðinni á móti fólki í raunfærnimat á framhaldsskólastigi. Þannig má betur tryggja valfrelsi einstaklingsins og hlutleysi í ferlinu.
- b) Vinna þarf að því að fullorðinsfræðsluaðilar fái heimild til að votta nám á framhaldsskólastigi í gegnum raunfærnimat og námsleiðir á því skólastigi. Vottunin þarf að vera jafn lögmæt og gild á milli fræðsluaðila í óformlega og formlega skólakerfinu. Á tilraunatímabili verði FA gert kleift að votta nám á framhaldsskólastigi í samstarfi við fullorðinsfræðsluaðila. (sjá kafla 5)
- c) Mikilvægt er að víðtækt samráð sé við aðila atvinnulífsins í allri þróun raunfærnimats.
- d) Mikilvægt er að raunfærnimat sé framkvæmt eftir gæðaviðmiðum, sem þróuð verða og byggja á sameiginlegum evrópskum leiðbeiningum um mat á raunfærni.



Myndin lýsir því hvernig einstaklingur getur valið um tvær leiðir til raunfærnimats. Leiðirnar byggja báðar á sama raunfærnimatskerfi, með sömu gæðaviðmiðum og sambærilegri þjálfun matsaðila. Út úr raunfærnimatinu koma einstaklingar með jafn gilda pappíra eða vottun. Þeir geta valið um það hvort þeir fara með þessa pappíra inn í framhaldsskólakerfið eða í sérhannaðar námsleiðir og þaðan inn í framhaldsskólakerfið. Í einhverjum tilfellum fá námsmenn mat sem er ígildi stúdentsprófs og ættu að geta hafið nám í háskóla. Reikna má með að þetta verði fremur undantekning en regla.

2. Niðurstöður raunfærnimats séu gildar á milli fræðsluaðila og innan hverrar stofnunar

Til að raunfærnimat hafi sem víðtækast gildi þarf að tryggja yfirfærslumöguleika niðurstaðna bæði á milli óformlegra og formlegra fræðsluaðila svo og á milli framhaldsskóla. Verði af þróun NQF á Íslandi munu árangursmarkmið verða þróuð í öllum námsáföngum framhaldsskólans. Árangursmarkmið eru jafnframt grunnur að raunfærnimati. Með þessu móti verður öll yfirfærsla á raunfærnimati greiðari og einfaldari.

- a) Mikilvægt er að raunfærnimat sé framkvæmt miðað við lýsingar í námsskrám, en ekki miðað við kennsluhætti viðkomandi skóla.
- b) Nauðsynlegt er að yfirfara markmið og námslýsingar í námsskrá og gera þau árangursmiðuð, þannig þau henti til raunfærnimats. Gera þarf gátlista til viðmiðunar fyrir námsáfanga.
- c) Leita þarf leiða til að stofnanir/skólar geti ekki hafnað því að taka tillit til raunfærnimats, sem framkvæmt er í tilskildum gæðum og af viðurkenndum matsaðilum.

3. Réttur fullorðinna til náms á framhaldsskólastigi sé tryggður

Þegar raunfærnimat fer fram til styttingar á námi er nauðsynlegt að aðgengi að námi sé opið í kjölfar matsins. Sé þetta skilyrði ekki fyrir hendi, er tilgangi raunfærnimatsins ekki náð. Einstaklingurinn þarf að geta lokið námi að loknu eða samhliða raunfærnimati.

- a) Framhaldsskólar þurfa að geta tekið á móti fullorðnu fólk í nám. Gera þarf framhaldsskólum kleift að gefa þessum hópi jafnan rétt til náms.
- b) Fullorðinsfræðsluaðilar þurfa að geta tekið á móti fullorðnu fólki í nám á framhaldsskólastigi, bæði í sérhannaðar leiðir og brúarleiðir. Mikilvægt er að fjölbreyttar námsleiðir séu í boði.
- c) Gefa þarf kost á námi í hluta af námsáföngum á framhaldsskólastigi í samræmi við niðurstöður raunfærnimats. Endurskoða þarf reiknilíkan framhaldsskóla með tilliti til kennslu í hluta af áföngum.
- d) Tryggja þarf rétt fullorðinna einstaklinga til námslána á námstímabili í framhaldsskóla.

4. Gæði raunfærnimatskerfis séu tryggð

Leggja þarf áherslu á að þær leiðir til raunfærnimats, sem í boði verða, byggji á sama kerfi og sömu gæðaviðmiðum. FA hefur það hlutverk skv. samningi við menntamálaráðuneytið að þróa raunfærnimat. Við innleiðingu raunfærnimatskerfis innan framhaldsskólanna og hjá fullorðinsfræðsluáðilum hefði FA því það hlutverk að aðstoða skólana við að gera raunfærnimatið að hluta af starfsemi sinni, sæi um þjálfun matsaðila, umsjón/eftirlit, samræmingu kerfisins á landsvísu, úttekt á því og vottun.

FA mun jafnframt sjá um að byggja upp gæðaviðmið í raunfærnimati. Taka þarf tillit til eftirtalinna atriða:

- 1) **Tilgangur raunfærnimats** er að draga fram og meta fjölbreytilega raunfærni sem einstaklingurinn býr yfir. Tilgangur raunfærnimats þarf að vera skýr í upphafi ferlis, ferlið gagnsætt og ljóst hvað einstaklingurinn þarf að leggja til hvað varðar tíma og kostnað.
- 2) **Réttur einstaklingsins** er í brennidepli og þarf því að miða raunfærnimatsferlið fyrst og fremst við þarfir hans. Mikilvægustu atriðin eru trúnaður, eignarréttur einstaklingsins á niðurstöðu og réttur einstaklingsins til að áfrýja niðurstöðu. Áður en kemur að raunfærnimati er mikilvægt að upplýsa einstaklinginn um rétt hans.
- 3) **Ábyrgð stofnana og hagsmunaaðila** er m.a. að veita einstaklingum aðgang að viðeigandi ráðgjöf og stuðningi í ferlinu, gæta trúnaðar og sjá til þess að niðurstöður séu lögmætar.
- 4) **Trúnaður og traust** er grundvallarforsenda fyrir framkvæmd raunfærnimats. Allir sem að því koma þurfa að vera vel upplýstir. Færni viðmið þurfa að vera skýr og vel skilgreind sem og upplýsingar um hvernig matið fer fram og hvernig komist er að niðurstöðu. Tilgangur matsins þarf að vera ljós og hvað verður um niðurstöðurnar. Upplýsingar um almenn skilyrði í matinu skulu vera skýrar og aðgengilegar, m.a. varðandi tíma, kostnað, ráðgjöf og stuðning í ferlinu.
- 5) **Hlutleysi** þeirra sem að matinu koma er afar mikilvæg forsenda raunfærnimats og því þurfa hlutverk og ábyrgð hvers og eins að vera skýr. Hlutleysi má styrkja með þjálfun og myndun tengslaneta og þarf framkvæmdaaðili að ýta undir það.
- 6) **Lögmæti og trúverðugleika** raunfærnimats má tryggja með þátttöku og skuldbindingu hagsmunaaðila í ferlinu. Lögmæti byggist ekki síst á trausti og hlutleysi þeirra.

Til að tryggja að raunfærnimat sé framkvæmt samkvæmt skilyrðum raunfærnimatskerfis þarf umsjón, samræming og þróun kerfisins að vera á einni hendi. Þjálfar þarf matsaðila, veita ráðgjöf í matsferlinu og annast almenna eftirfylgni á gæðamálum, t.d. með reglulegum úttektum á árangri. Til lengri tíma litið þarf að votta þá sem veita

raunfærnimat (sbr. hollenska „Kwaliteitscode”). Það væri hvatning fyrir fræðsluaðila til að gera vel og einnig upplýsandi fyrir þá einstaklinga sem eru að íhuga raunfærnimat. Sami aðili gæti einnig verið áfrýjunaraðili og leyst ágreiningsmál.

5. Tillögur

Lagt er til að settur verði á laggirnar samstarfshópur FA og menntamálaráðuneytisins, sem vinnur að útfærslu á leiðum til að móta raunfærnimatskerfi á landsvísu. Aðaláherslan verði á mat til styttingar á námi á framhaldsskólastigi eftir tveimur leiðum, framhaldsskólaleið og fullorðinsfræðsluleið sem báðar byggi á sama grunni hvað varðar aðferðafræði og gæðamál.

Samstarfshópurinn útbúi aðgerðaáætlun fyrir þriggja ára tilraunatímabil þar sem þróuð verði nánari útfærsla á þeim tillögum sem hér hefur verið lýst, þannig að þau úrræði sem nauðsynleg eru fyrir þróun raunfærnimatskerfis séu aðgengileg þegar þeirra er þörf. Jafnframt þarf hópurinn að huga að tengslum við ríkjandi löggjöf um menntakerfið og hugsanlegum breytingum á henni.

Í aðgerðaáætlun verði lýst markmiðum, forgangsmálum og áherslum á tilraunatímabilinu. Á tilraunatímabili verði lögð áhersla á samstarf hagsmunaaðila, mótun aðferðafræði, færni viðmiða og gæðaviðmiða. Jafnframt verða þróaðar aðferðir við þjálfun matsaðila og eftirlit með niðurstöðum þeirra. Loks þarf að leita leiða til að meðhöndla ágreiningsmál.

Mikilvægt er að þróun færni viðmiða sé unnin í tengslum við þróun NQF á Íslandi eftir því sem mögulegt er, verði tekin sú ákvörðun að innleiða það kerfi. Jafnframt er nauðsynlegt að taka mið af þeim ákvörðunum sem teknar verða innanlands um breytingar á framhaldsskólakerfinu (sbr. Skýrsla starfsnámsnefndar, júlí 2006).

Á tilraunatímabilinu verði lögð áhersla á að raunfærnimeta hópa og reynt að ná til sem flestra starfsgreina/námsbrauta. Í forgangi verði greinar þar sem þeim skilyrðum sem lýst er í þessari skýrslu er best fullnægt.

Á Gantt yfirliti um þróun raunfærnimats á Íslandi, sem FA hefur starfað eftir kemur fram að uppbygging raunfærnimatskerfis eigi sér stað á tímabilinu 2006-2008 og að mat á kerfinu fari fram 2009. Tilraunatímabilinu sem lýst er í þessari skýrslu mun eiga sér stað frá 2007 til ársloka 2009. Endurskoðun á framkvæmd tillögu í ljósi reynslu mun eiga sér stað 2009.

Við mat og endurskoðun kerfisins þarf að hafa til viðmiðunar gæðastaðla í raunfærnimati. Skoða þarf hvernig fræðsluaðilum leiðanna tveggja gengur að fylgja gæðastöðlum og framkvæma þarf reynslugreiningu í samstarfi við alla hagsmunaaðila.

Fylgiskjöl

Þróun raunfærnimats. Uppfært Gantt yfirlit. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, 2007.

Bæklingur: Raunfærni - Raunfærnimat, útgefinn af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, 2006.

Gantt yfirlit

Raunfærnimat ófaglærðra	2004	2005	2006	2007	2008	2009	Athugasemdir
A. Upplýsingaöflun							Fylgst með þróun annarra landa
B. Þróun aðferða og tækja							Sífelld þróun
C. Tilraunaverkefni-tilraunatímabil							Samtengt C, nýir hópar/störf
D. Stefnumörkun							Ábyrgðaraðilar skilgreindir
E. Hönnun leiðbeininga og kynningarefnis							Kynningarefni, gæðaviðmið í ferli
F. Sköpun samstarfsvettvangs							Tengslanet myndað, upplýsingaflæði
G. Ráðgjöf og gæðamál fest í sessi							Aðferðafræðingar
H. Uppbygging kerfis							Þjálfun matsaðila, þróun ferla
I. Heildstætt kerfi keyrt							Á landsvísu, ferlar virkir
J. Mat á kerfi							Skilvirkni ferla metin, endurskoðun